

1866.

4. júlí.

- 64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, hver eigi að fá helminginn af sektum og gjöldum, þeim er borguð eru í Reykjavík eptir tilskipun 26. maímán. 1863.**

Í bréfi 30. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá álitum yðar um skjal það, er hingað barst aptur með bréfi yðar, þar sem Geir Zoëga og Jón Árnason, fátækrafulltrúar í Reykjavík, spyrja um, hver eigi að fá helminginn af gjöldum þeim og sektum, sem lokið er í Reykjavík samkvæmt tilskipun 26. maímán. 1863. Skal yður nú til vitundar gefið um þetta, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að með því að nú hefir verið skýrt frá — en það sást ekki fyr af skjölum málsins — að fátækrafulltrúarnir í Reykjavík hafa þá umsjón með lausamönnum þar, sem hreppstjórnarnir eiga að hafa á hendi samkvæmt áðurnefndri tilskipun, hljótum vör að vera yður samdóma, herra stiptamtmaður, um það, að fátækrafulltrúarnir eigi að fá helming þann, sem hér er um rædt, og eins um það, að honum sé skipt niður milli fátækrafulltrúanna í Reykjavík, allra þriggja, eins og bæjarfulltrúarnir hafa stungið uppá.

11. júlí.

- 65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Með bréfi dagsettu 20. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá hreppstjórunum í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, þar sem þeir bera sig upp undan úrskurði stiptamtsins 8. septembermán. f. á., er ákvað, að ekkjan Hólmfríður Sigurðardóttir ætti sveit á Vatnsleysustrandar hrepp. Þér hafið farið þess á leit, að úrskurður þessi verði staðfestur, og í því skyni tekið fram, að eins og Hólmfríður þessi Sigurðardóttir var sveitarómagi á Vatnsleysustrandar hrepp, áður en hún flutti sig til Reykjavíkur árið

1848 eða 1849, því að henni hafði verið lagt af sveit með manni hennar af Vatnsleysustrandar hrepp árin 1844 til 1847, eins beri að álíta, að hún eigi þar sveit ennþá, með því að hún geti ekki hafa áunnið sér framsfærslurætt í Reykjavík með dvöl sinni þar, þar sem hún var þar hjá dóttur sinni og fékk hjálp hjá henni, og heldur ekki var þar í sífellu, en var þriggja mánaða tíma hjá syni sínum í annari sveit.

Þess skal fyrst og fremst getið, að Hólmfríður Sigurðardóttir getur ekki hafa áunnið sér framsfærslurætt á Vatnsleysustrandar hrepp, einmitt af því, að hún fékk þar sveitarstyrk áður en tími sá var liðinn, er þurfti til þess, að hún ynni þar framsfærslurætt, en eptir því sem fram er komið í málinu kom hún þar í sveitina árið 1840. Því næst skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að stjórnarráðið verður að vera á því máli, að Hólmfríður Sigurðardóttir hafi áunnið sér framsfærslurætt í Reykjavík kaupstað, af því að hún hefir átt þar heima eins lengi og með þarf til að ávinna sér sveit, af því að ekki verður álitid, að veru hennar í Reykjavík hafi verið svo hátað, að það geti staðið henni fyrir að ávinna sér þar framsfærslurætt, sjá meðal annars kansellibréf 4. ágústmán. 1838 *ad* 1., og 15. aprílmán. 1843 og bréf dómsmálastjórnarinnar 17. nóvembermán. 1848, er fylgir í eptirriti með bræfi þessu, og annað bréf 31. maímán. 1858, þar sem svo er fyrir mælt, að til þess að ávinna sér framsfærslurætt í einhverri sveit, með því að hafa átt þar heima í lögákveðinn tíma, útheimtist ekki, að hlutadeigandi hafi haft neina sérstaka atvinnu fyrir sig, og af því að ekki verður álitid, að hún hafi brotið af sér réttinn til að ávinna sér sveit í Reykjavík með veru sinni hjá syni sínum, því eptir því sem fram hefir komið í málinu, smbr. sérílagi framburð maddömu Guðlaugar Ahrens í prófinu 11. febrúarmán. 1864, verður ekki annað sæð, en hún hafi einasta verið þar um stund, og ekki ætlað sér að ílengjast þar (ekki verið þar animo commorandi). Vegna tilefnis þess, sem fylgiskjöl málsins gefa, skal stjórnarráðið annars ekki leiða hjá sér að geta þess, að það virðist vafasamt, hvort Hólmfríður Sigurðardóttir yfir höfuð að

1866.
11. júlí.

1866.
11. júlí.

tala verði álitin sveitarþurfi, þar sem það hefir sannazt í málinu, að sonur hennar, er áður var um getið, er fær um að sjá fyrir henni.

13. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Írlandi til Íslands.

Yður skal hér með kunngjört, í framhaldi af bréfum stjórnarráðsins 12. októbermán. f. á. og 27. febrúarmán. þ. á., yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir best við eiga, að dómsmálastjórninni hefir þókt hlýða en fremur að leggja bann fyrir, að fluttar sæu til Íslands frá Írlandi skepnur þær og annað, sem um er getið í bréfinu frá 12. októbermán. f. á.

20. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt færi á í síðasta sinni 6. marzmán. þ. á. að skýra ítarlega frá álitinu á máli því, er risið hefir útaf sölunni á frakkneska fiskiskipinu l'Eugène frá Dunkerque, er strandað hafði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi árið 1862, hefir utanríkisstjórnin getið þess í bréfi 29. f. m., að skýrslur þær, sem keisarastjórnin á Frakklandi hafi útvegað málinu til upplýsingar, gjöri það mjög vafasamt, hvort utanríkisstjórninni verði unnt að sannfæra frakknesku stjórnina um, að tildrög málsins sæu rétt hermd af þeim, sem kært hafa, eða að fá hana til að gjalda skaðabætur fyrir tjón það, er kaupendurnir á uppboðinu á Íslandi biðu af því, að munirnir, sem seldir voru, voru teknir burtu, og að utanríkisstjórninni því eptir öllum málavöxtum virðist vera ástæða til að láta málið falla